

3. gr.

Eftirlitsgjaldið skal greiða til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins fyrir 15. október 1966.

Gjaldið er lögtakskræft.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsalalaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. ágúst 1966.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 2 við sérlyfjaskrá frá 30. september 1965.

Frá og með 15. ágúst 1966 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 2, útgefnar í dag, við sérlyfjaskrá frá 30. september 1965.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. ágúst 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um afgreiðslutíma lyfjabúða.

1. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar, sem hér segir:

I. Almennur afgreiðslutími skal vera, sem hér segir:

mánudaga—fimmtudaga	kl. 9—18
föstudaga	— 9—19
laugardaga	— 9—12
aðfangadag og gamlársdag	— 9—12

Í desember er lyfjabúðum heimilt að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma á sama hátt og almennar verzlánir á hverjum stað.

II. Lyfjabúðir í Reykjavík skulu auk framangreinds afgreiðslutíma vera opnar tvær saman eina viku í senn, sem hér segir:

mánudaga—fimmtudaga	kl. 18—21
föstudaga	— 19—21
laugardaga	— 12—16
helgidaga og almenna fridaga	— 10—16
aðfangadag og gamlársdag	— 12—16

Nánari reglur um skiptingu þessa afgreiðslutíma milli lyfjabúða setur landlæknir að fengnum tillögum Apótekarafélags Íslands.